

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. mars 2024
Málsnúmer: 202403-0022
SS

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, 560. mál.

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 12. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, 560. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela forsætisráðherra í samráði við matvælaráðherra, umhverfis-, orku-, og loftslagsráðherra og utanríkisráðherra að setja á fót starfshóp um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, með það að leiðarljósi að Ísland marki sér stöðu sem framsækið ríki þegar kemur að loftslagsbreytingum og verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika sjávar, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tvisvar skilað inn umsögn um sama þingmál þegar það var lagt fram á fyrri löggjafarþingum, þann 5. febrúar 2020 og þann 17. febrúar 2021.


Í fyrri umsögnum kom fram að Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að slík tillaga nái fram að ganga og að farið verði í slíka stefnumótun. Eins og rakið er í greinargerð með tillögunni þarf að móta stefnu um margvíslega þætti sem snúa að vernd og nýtingu. Margt af því sem nefnt er í tillögunni fellur bæði undir íslensk lög á ýmsum sviðum nýtingar, náttúruverndar og skipulagsmála en einnig undir alþjóða samþykktir eða samninga. Full þörf er á að móta samræmda stefnu s.s. um þætti sem snúa að loftslagsbreytingum og vernd líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu.

Nauðsynlegt er að stefnumótun af þessu tagi sé samræmd við aðrar stefnur sem hafa beina snertifleti við málefni hafsins og þau viðfangsefni sem stefnunni er ætlað að fjalla um, þar ber sérstaklega að nefna stefnur sem nú eru í mótun eða endurskoðun í stjórnarráðinu. Fyrst má nefna yfirstandandi vinnu við nýja stefnu og framkvæmdaáætlun fyrir líffræðilega fjölbreytni sem m.a. hefur það að markmiði að styðja við framkvæmd samnings Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Málefni hafsins koma þar töluvert við sögu. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið leiðir þá vinnu í samstarfi við önnur ráðuneyti og fleiri aðila. Aðrar stefnur á málefnasviði ráðuneytisins eru einnig mikilvægar s.s. í loftslags- og orkumálum sem og málefnum mengunarvarna. Í matvælaráðuneytinu hafa verið kynntar nýjar stefnur fyrir lykilatvinnuvegi s.s. sjávarútveg og lagareldi og einnig er að störfum stýrihópur um verndun hafsvæða. Þá hefur utanríkisráðuneytið sett á laggirnar starfshóp um innleiðingu BBNJ-samningsins um líffræðilega fjölbreytni í hafinu utan efnahagslögsögu ríkja sem staðfestur var á vettvangi Sameinuðu Þjóðanna árið 2023. Áætlanir um skipulag haf- og strandsvæða á forræði innviðaráðuneytisins eru einnig lykilviðfangsefni. Sérstök þverfagleg stefna um málefni hafsins getur tryggt að samræming ólíkra málaflokka heppnist sem skyldi.



Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri stuðning sinn við tillöguna og er tilbúin að koma að málinu á síðari stigum. Ljóst er að tímasetningar sem fram koma í þingsályktunartillögunni um skil starfshóps þurfa endurskoðun.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

